

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 26. apríl 2024

Mál nr. S-2321/2023:

## Héraðssaksóknari

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir settur saksóknari)

## gegn

## Lúkasi Geir Ingvarssyni

(Bjarni Hólmar Einarsson lögmaður)

## og Tristan Breka Olsen

(Snorri Sturluson lögmaður)

## Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 9. apríl 2024, er höfðað með ákæru, útgefni af héraðssaksóknara 30. mars 2023, á hendur Lúkasi Geir Ingvarssyni, [...], og Tristani Breka Olsen, [...]:

„fyrir eftirtalin brot framin aðfaranótt laugardagsins [...] 2021:

### I.

- Gegn ákærðu báðum fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa [...] framan við veitingastaðinn [...] í Reykjavík, í félagi, veist að A, ákærði Lúkas Geir með því að sparka í bringu A og ákærði Tristan Breki með því að sparka í efri bók hans, en A féll í jörðina í kjölfar þessara sparka frá báðum ákærðu, og í framhaldinu stappaði ákærði Tristan Breki ofan á höfði A er hann lá varnarlaus á jörðinni og þá gerðu báðir ákærðu tilraun til að sparka í hann þar sem hann lá liggjandi á jörðinni, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut hrúfl á enni og hægra handarbaki, höfuðkúpubrot, andlitsbeinabrot ásamt mari í vinstri gagnaugaheilableðli með mildri blæðingu og opið sár í hársverði.
- Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

### II.

- Gegn ákærða Lúkasi Geir fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík, haft í vörslum sínum 1,21 g af maríhúana, sem lögregla fann við leit á ákærða.

5. Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.
6. Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er krafist upptöku á 1,21 g af maríhúana með vísan til 6. og 7. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 808/2018.

*Einkaréttarkrafa:*

7. Af hálfu A er gerð krafa um að ákærðu greiði honum miska- og skaðabætur samtals að fjárhæð kr. 6.161.849.- með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá [...] 2021, en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga, frá þeim tíma er mánuður er liðinn frá því að krafan var birt ákærðu til greiðsludags. Þá er þess jafnframt krafist að ákærðu verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu, skv. síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum 24% virðisauka-skatti, fyrir að halda fram bótakröfu sinni í málinu.“
8. Í þinghaldi 26. janúar 2024 var mál nr. S-7597/2023 sameinað máli þessu en það er höfðað með ákæru, útgefinni af héraðssaksóknara 14. desember 2023 á hendur ákærða „Tristani Breka Olsen, [...], fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins [...] 2021, [...] í Reykjavík, veist að B með því að slá hann ítrekað í höfuðið með kylfu, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut um 4 sm langan skurð framarlega í hársverði á höfði sem náði niður í höfuðkúpu, minni skurð hægra megin aftan til á höfði, heilahristing með höfuðverk, svima og ógleði. Þá hefur hann verið metinn með eftirheilahristingssheilkenni og varanlega örorku sem telst hæfilega metin 7%.
9. Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
10. Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.
11. *Einkaréttarkrafa:*  
Af hálfu B er gerð krafa um að ákærði verði dæmdur til að greiða honum kr. 1.200.000 með vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...] 2021, til þess dags er bótakrafan er kynnt ákærða, en að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu er krafist dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags. Málskostnaðar er krafist úr hendi ákærða, B að skaðlausu, skv. mati dómsins eða síðar framkominni tímaskýrslu.“

12. Ákærði Lúkas Geir Ingvarsson gerir þær kröfur aðallega að hann verði sýknaður af I. kafla ákæru en dæmdur til vægustu refsingar varðandi II. kafla ákæru. Til vara krefst hann þess að honum verði ekki gerð refsing varðandi I. kafla ákæru en dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa varðandi II. kafla ákæru. Til þrautavara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að dómurinn verði skilorðsbundinn að öllu leyti. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna til handa verjanda sem greiðist úr ríkissjóði. Einnig krefst hann þess að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð verulega.
13. Ákærði Tristan Breki Olsen gerir aðallega þær kröfur að ákærði verði sýknaður af sakargiftum samkvæmt ákærum báðum en til vara að honum verði gerð vægasta refsing. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins sem greiðist úr ríkissjóði. Einnig krefst hann þess að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að bætur verði lækkaðar verulega.

## I.

### **Ákæra héraðssaksóknara dagsett 30. mars 2023**

#### **I. kafli ákæru**

##### *Málsatvik*

14. Aðfaranótt laugardagsins [...] 2021 barst lögreglu tilkynning um hópslagsmál [...]. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang en mikill mannfjöldi hafði safnast þar saman og brotaþoli, sem reyndist vera A, lá í götunni. Hann var með skurð á höfði og skerta meðvitund og var fluttur á bráðamóttöku í sjúkrabifreið.
15. Í frumskýrslu er frá því greint að aðili sem reyndist vera ákærði Lúkas Geir hafi ætlað að komast undan en stansað og gefið sig á tal við lögreglu. Rætt var við vitni sem kváðu ákærða Lúkas Geir hafa ráðist á brotaþola. Var ákærði handtekinn og færður á lögreglustöð. Í fórum hans fundust fíkniefni sem voru haldlögð.
16. Rætt var við brotaþola á slysadeild og var samtalið tekið upp á búkmyndavél. Kvaðst hann ekki muna eftir líkamsárásinni eða aðdraganda hennar en frásögn af atvikinu hefði hann frá öðrum. Skýrsla var tekin af brotaþola aftur nokkru eftir atvikið, eða 23. ágúst 2022, en atvik höfðu þá ekki rifjast upp fyrir honum og svo var enn eftir að honum var sýnd upptakan sem liggur fyrir í málinu.
17. Meðal gagna máls eru upptökur úr nærliggjandi öryggismyndavélum sem lögregla aflaði í tengslum við rannsókn málsins. Jafnframt liggur fyrir unnið efni þar sem tilteknir kaflar

upptökunnar eru sýndir í hægri spilun svo og skjáskot í nærmynd af ætluðum árársarmönnum. Verður nánar vikið að efni þessu í niðurstöðukafla.

18. Ákærði Lúkas Geir var yfirheyrður hjá lögreglu í kjölfar áðurgreindra atvika. Neitaði hann því að hafa sparkað í brotþola og kvað hann hafa komið hlaupandi og dottið í götuna, mögulega drukkið áfengi og misst jafnvægið. Ákærði var yfirheyrður að nýju 22. september 2022 og staðfesti sinn fyrri framburð. Eftir að hafa verið sýnd upptaka af atvikinu kvaðst ákærði hafa þurft að afstýra yfirvofandi árás brotþola.
19. Framburður vitna og eftirgrennslan lögreglu leiddi til þess að grunur vaknaði um að ákærði Tristan Breki hefði tekið þátt í árásinni á brotþola með Lúkasi Geir. Í skýrslutöku hjá lögreglu 11. nóvember 2021 kvaðst ákærði ekki hafa lent í átökum í miðbænum umrædda nótt.
20. Meðal gagna máls er læknisvottorð sérfræðilæknis á bráða- og göngudeild Landspítala – háskólasjúkrahúss í Fossvogi. Í vottorðinu segir að brotþoli hafi verið meðvitundarlítill við komu og lítið sem ekkert getað sagt um líkamsárásina. Hann hafi verið talsvert ölvaður en metinn áttaður. Hann hafi verið með hrúfl á enni og á hægri handarbaki hægri megin. Tölvusneiðmynd af höfði hafi leitt í ljós höfuðkúpubrot og andlitsbeinabrot og lítið mar í vinstri gagnaugaheilableðli með „mildri blæðingu“, eins og það er orðað í sneiðmyndasvari, „við litla heila“. Brotþoli var í kjölfarið lagður inn á heila- og taugaskurðeild til frekari aðhlyningar. Þá liggur fyrir í málinu taugasálfræðilegt mat C, sérfræðings í klínískri taugasálfræði.

### **Skýrslutökur fyrir dómi**

21. Ákærði Lúkas Geir Ingvarsson kvaðst hafa verið staddur í bifreið í miðbænum ásamt nafngreindum félögum sínum. Bílaröðin hefði ekkert hreyfst og hefðu þeir farið til þess að athuga hvað ylli. Þar hefðu menn staðið við eina bifreiðina, um það bil átta bílum frammar, og hefði verið þar einhver atgangur. Ákærði kvað brotþola hafa ýtt við sér, sagt sér að fara og hótad sér lífláti. Vinur brotþola hefði þurft að taka hann burt. Allt í einu hefði ákærði séð þegar brotþoli kom á harðahlaupum. Kvaðst ákærði hafa varið sig og sparkað í brotþola og hann dottið í jörðina. Hann vissi ekki hvar höggið hafnaði en hann hefði orðið mjög hræddur. Aðspurður kvaðst hann lítið hafa orðið var við það sem gerðist í kringum hann. Hann hefði séð einhverjum bregða fyrir að baki sér án þess að vita hver það var. Ákærði kvaðst ekki hafa veist að brotþola eftir sparkið. Nánar spurður eftir að hafa séð upptöku úr öryggismyndavél kvaðst ákærði aðeins hafa gert tilraun til að sparka en hinn aðilinn hefði sparkað í brotþola. Hann hefði ekki tekið eftir hvað var að gerast annað meðan á því stóð. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn.

22. *Ákærði Tristan Breki Olsen* kvaðst hafa verið í miðbænum með hópi af vinum sínum en meðákærði hefði ekki verið þar á meðal. Hann kvaðst hafa séð lögreglubifreið og rætt við lögregluna en ekki vitað hvað gerst hefði. Ákærða var sýnd upptaka úr öryggismyndavél og kvaðst hann aðeins þekkja meðákærða af myndefninu.
23. *Brotapoli A* kvaðst hafa verið að skemmta sér í miðbænum. Hann hefði drukkið áfengi en ekki fundist sem hann væri mjög ölvaður. Kvaðst hann ekki geta skýrt hvað fyrir sér hefði vakað þegar hann hljóp í áttina að árásaraðilunum eins og sjáist á myndskaiði í málinu. Hann myndi ekkert eftir að hafa hitt árásaraðilana og hefði frá öðrum upplýsingar um það sem gerðist. Ekkert hefði rifjast upp fyrir sér við að horfa á myndskaið af árásinni. Brotapoli kvaðst í dag vita hverjir árásaraðilarnir væru en það hefði hann frétt í gegnum sameiginlegan vin.
24. Brotapoli lýsti afleiðingum árásarinnar sem hefðu bæði verið líkamlegar og andlegar. Gerði hann nánari grein fyrir eftirköstum árásarinnar og kvaðst hafa leitað aðstoðar fagaðila vegna þeirra.
25. *D* kvaðst hafa verið að skemmta sér í bænum með brotþola þetta kvöld. Þeir hefðu verið á heimleið þegar brotþoli fór að tala við einhverja aðila í bifreið og vildi ekki koma til baka. Vitnið hefði þá fært hann yfir að bílnum sem þeir voru í og komið honum inn en hann hefði farið aftur út. Nánar spurður kvað vitnið brotþola ekki hafa verið æstan í skapi heldur einfaldlega ekki viljað fara heim. Taldi hann mögulegt að hann hefði viljað halda samræðum sínum áfram við aðilann í bifreiðinni. Þegar vitnið kom að hefði árás verið hafin á brotþola og maður að sparka í höfuðið á honum. Nánar spurður kvað hann það hafa verið ákærða Lúkas Geir. Hinn árásaraðilinn hefði hlaupið burt en hann vissi ekki hver það var. Vitnið kvaðst aðspurður ekki geta lýst sparkinu frekar í dag en kvaðst hafa munað atvik betur þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu á vettvangi.
26. *E* kvaðst hafa verið á veitingastað og setið við glugga og horft út á götu. Með henni hefði verið frænka hennar og vinkona. Hún hefði séð bílaröð á götunni. Þá kvaðst hún muna eftir karlmanni, sem virtist vera undir áhrifum áfengis, ganga fyrir bílana. Hún myndi eftir því að hafa séð annan karlmann hoppa á höfði þessa manns og hlaupa svo burt. Hún hefði séð fleira en þessi minning væri sterkust. Framburður vitnisins í samantekt lögreglu var borinn undir hana og taldi hún rétt eftir sér haft. Síðan myndi hún eftir því að gatan hefði verið auð um tíma og maðurinn legið í götunni. Hefði hún hlaupið út og hlúð að mannum sem hefði verið meðvitundarlaus.

27. *F* kvaðst hafa verið í miðbænum með unnusta sínum *D*. Hún hefði verið ökumaður bifreiðar sem þau voru í og *G*, kærasta brotaþola, hefði verið með henni. Brotaþoli hefði ekki viljað koma inn í bílinn og komist út aftur eftir að hann var sóttur. Vitnið kvaðst hafa séð þegar árásarmaðurinn sparkaði í brotaþola og hann lá í götunni. *G* hefði þá hlaupið út úr bifreiðinni. Nánar spurð kvað hún sparkið hafa verið eins og „karate kid“ spark, ekki séð hvar það hafnaði en brotaþoli hefði dottið við sparkið. Aðspurð um aðdraganda kvaðst vitnið hafa séð menn, líklega þrjá, ganga fram fyrir bifreið hennar og áfram að brotaþola þar sem hann stóð og talaði við einhvern í bifreið sem var framar í bílröðinni. Vitnið kvaðst ekki geta lýst atvikum frekar í dag er framburður hennar í samantekt lögreglu var borinn undir hana.
28. *H* kvaðst hafa verið með vitninu *E* á veitingastað. Hún hefði séð út um gluggann að brotaþoli stóð úti á götu. Þá hefði hún séð þegar maður sparkaði í höfuðið á brotaþola úti á götunni og við það hefði hann fallið í götuna. Þá hefði maðurinn sparkað í brotaþola aftur liggjandi. Kvaðst hún muna eftir tveimur árásarmönnum en ekki hafa greint andlitin. Kvaðst hún ekki geta gert sér grein fyrir því hvort annar eða báðir hefðu sparkað í brotaþola. Vitnið kvaðst hafa hlaupið út og hlúð að brotaþola.
29. *G*, kærasta brotaþola, kvaðst hafa verið í miðbænum að skemmta sér og verið að bíða eftir brotaþola. Hún hefði verið undir áhrifum áfengis og kvaðst aðeins muna í dag þegar brotaþoli fór út úr bílnum sem þau voru í og hafa svo séð þegar tveir menn tröðkuðu á honum þar sem hann lá í götunni. Hún og vitnið *D* hefðu farið út úr bílnum til að stöðva þetta en eftir það væri allt í móðu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hvar högginn lentu. Annar árásarmannanna hefði verið [...] en hún myndi ekki hvernig hinn leit út. Aðspurð kvaðst vitnið hafa tekið eftir breytingum á brotaþola eftir árásina en þær helstu væru gleymska og athyglisbrestur. Glímdi hann við þessar afleiðingar enn í dag.
30. *Lögreglumaður nr. [1]* staðfesti framskýrslu sína og gerði grein fyrir fyrstu aðgerðum er á vettvang var komið. Maður sem hefði ætlað af vettvangi hefði verið stöðvaður og hefði það verið ákærði Lúkas Geir. Annar einstaklingur hefði komið og sagt að hann hefði séð ákærða sparka í brotaþola.
31. *Lögreglumaður nr. [2]* gerði grein fyrir aðkomu sinni að rannsókn málsins og staðfesti skýrslur sínar. Hann kvaðst m.a. hafa fengið myndefni til skoðunar og hafa borið kennsl á ákærða Tristan Breka en böndin hefðu borist að honum eftir það. Þá væri venja að senda út fyrirspurnir til annarra lögreglumanna þegar leitað væri að tilteknum einstaklingum og hefði hann gert það í máli þessu. Hefðu því fleiri borið kennsl á ákærða með því að skoða myndefni.

32. *Sérfræðilæknir nr. [1]* staðfesti læknisvottorð í málinu og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum. Hann hefði fengið litla sem enga sjúkrasögu vegna ástands brotaþolans. Klínískt hefði hann virkað mjög ölvaður en áfengismagn sem mældist í honum hefði verið mjög mikið. Andlitsbein brotaþola hefðu brotnað auk þess sem hann hefði höfuðkúpubrotnað. Þá hefði komið í ljós heilablæðing á tölvusneiðmynd. Einnig hefði komið í ljós annar skurður á höfði. Ekki væri unnt að segja til um hvort áverkar brotaþola væru eftir spark eða fall. Varðandi heilablæðinguna eða marið kvað vitnið ljóst að um alvarlegan áverka væri að ræða þó orðalag vottorðsins væri eins og raun ber vitni. Miðaðist það við umfang blæðingar og klínískar birtingarmyndir. Mar væri bólga og allar bólgur í heila væru lífshættulegar. Fylgjast þyrfti með slíkum sjúklingi. Aðspurður kvað vitnið áverka samræmast áverkaferlinum. Áverkinn væri á aftanverðu höfði og heilinn hefði skotist til og lent framan á höfuðkúpu. Ljóst væri að mikla orku þyrfti til að brjóta höfuðkúpu. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um fylgikvilla árásarinnar eða hvernig brotaþola farnaðist en sjónskerðing væri vel möguleg afleiðing sem og fleira. Ekki hefðu verið gerðar frekari greiningar og skurðlæknar hefði metið hann hæfan til heimfarar.

33. *C, sérfræðingur í klínískri taugasálfræði*, gerði grein fyrir helstu niðurstöðum taugasálfræðilegs mats og staðfesti það. Þá gerði vitnið grein fyrir því hvernig taugasálfræðilegt mat væri framkvæmt en það samanstæði af viðtölum og sjálfsprófum og þá væri áreiðanleikinn metinn klínískt af sérfræðingi. Um heildstætt mat á þessum þáttum væri að ræða. Sjálfsprófin hefðu bent til þess að brotaþoli hefði gert sitt besta en ákveðnir veikleikar hefðu komið fram á prófum sem sýndu fram á mikil staðalfrávik hvað suma þætti varðaði. Aðspurður kvað vitnið alltaf vera ákveðna óvissu um orsakatengsl, þ.e. hvort veikleikar væru beinlínis tengdir árásinni í þessu tilviki. Vitnið kvaðst ekki hafa haft eldri mót til samanburðar.

34. *I* kom fyrir dóminn en ekki þykir ástæða til að rekja framburð hans.

### **Niðurstaða**

35. Ákærðu Lúkasi Geir Ingvarssyni og Tristani Breka Olsen er gefin að sök sérlega hættuleg líkamsárás með því að hafa veist í félagi að brotaþola A og beitt hann ofbeldi með þeim hætti sem nánar greinir í ákæru. Brotaþoli, sem borið hefur kennsl á sig af upptöku úr öryggismyndavél, man hvorki eftir aðdraganda árásarinnar né atvikinu sjálfu.

36. Ákærði Lúkas Geir neitar sök. Hann bar kennsl á sig á myndskeiðum úr öryggismyndavél, m.a. þar sem árásin sést. Hann klæðist dökkri yfirhöfn og alhvítum buxum. Spurður um berhöfðaðan dökkhærðan mann sem með honum sést, í dökkri yfirhöfn og dökkri hettupeysu, kvaðst hann ekki kannast við manninn.

37. Ákærði Tristan Breki bar hvorki kennsl á sig á myndskeiðum né af stækkuðum skjáskotum af öðrum árársaðilanum. Hann kvaðst þekkja ákærða Lúkas Geir á upptökunni.
38. Í málinu liggur fyrir upptaka af þeim atvikum sem ákært er fyrir og aðdraganda þeirra svo og annað myndefni, eins og áður er gerð grein fyrir. Dómari bar kennsl á Lúkas Geir á því myndskeiði sem spilað var í dómsal og er ágreiningslaust að hann er sá sem um ræðir. Þá bar dómari einnig kennsl á ákærða Tristan Breka. Myndefninu var varpað á stóran skjá í dómsal og ákærði sat fyrir framan skjáinn. Fylgja má ákærða Lúkasi Geir og félagi hans eftir allt þar til árásin er yfirstaðin og lögreglu ber að garði. Þrátt fyrir að andlit ákærðu sjáist ekki alltaf greinilega sést ákærði Tristan Breki glögglega þegar hann gengur frá vettvangi, að því er virðist til að forðast lögreglu. Sjálfur hefur hann greint frá því að lögregla hafi rætt við hann skömmu síðar. Skjáskot af andliti hans, tekið úr upptökunni, liggur fyrir í gögnunum og fer ekki milli mála að þar er um að ræða ákærða sem er með sérkennandi augnsvip. Samkvæmt framangreindu telur dómurinn sannað með framangreindu myndefni að ákærði Tristan Breki hafi verið á vettvangi ásamt meðákærða Lúkasi Geir og þátttakandi í atburðarásinni.
39. Á myndskeiði sést hvar brotaþoli stendur á tali við ökumann bifreiðar [...] og hefur bílaröðin staðnæmst af þeim sökum. Þá sést kærasta brotaþola, vitnið G, reyna að því er virðist að fá hann með öllum tiltækum ráðum með sér. Sést þegar ákærðu koma gangandi í áttina að brotaþola, sem enn stendur við bifreiðina. Ákærði Lúkas Geir ræðir við hann og virðist brotaþola líka það illa og ýtir honum frá sér. Meðákærði stendur hjá. Félagi brotaþola, vitnið D, grípur inn í og tekur brotaþola traustatökum þegar hann virðist vilja vaða í ákærðu. Hann grípur utan um brotaþola og heldur á honum nokkurn spotta að bifreið í bílaröðinni. Hann ýtir á eftir brotaþola í aftursætið en nánast strax í kjölfarið sést hann opna bílhurðina hinum megin. Hleypur hann svo beint í átt að Lúkasi Geir og Tristani Breka sem standa á miðri götu ásamt tveimur öðrum mönnum. Lúkas Geir verður var við það þegar brotaþoli kemur út úr bifreiðinni, stígur fram úr hópnum og gengur rólega í átt að brotaþola sem kemur á harðahlaupum. Ákærði Tristan Breki fylgir meðákærða eftir.
40. Sjá má í hægri spilun myndskeiðsins frá tveimur sjónarhornum þegar ákærði Lúkas Geir mætir brotaþola með kröftugu sparki hægri fótleggs í bringu hans. Örskömmu síðar sparkar meðákærði Tristan Breki í efri bók brotaþola. Telur dómurinn að greina megi vel að brotaþoli kastist aftur á bak við spark Lúkasar Geirs og byrjar þá þegar að falla í götuna þegar Tristan Breki fylgir því eftir með sparki. Telst því sannað að ákærðu hafi báðir sparkað í brotaþola sem í kjölfarið féll í götuna á bakið án þess að höfuðið skylli í

götunni. Sjá má þegar hann heldur höfði sínu frá götunni og reynir að víkja sér undan spörkum.

41. Í beinu framhaldi má glögglega sjá, aftur frá tveimur sjónarhornum, þegar ákærðu veitast ákveðið að brotaþola á ný með spörkum en ekki er unnt að greina að þau hæfi hann og þá hvar. Hins vegar sést greinilega þegar Tristan Breki stappar harkalega á höfði brotaþola sem eftir það liggur með öllu hreyfingarlaus í götunni. Tristan Breki er í svörtum skóm með hvítum sólum en ákærði Lúkas Geir í alhvítum skóm og því unnt að greina á milli þeirra þegar horft er á myndskleiðin. Strax í kjölfar þessa sést þegar vitnin D og F verja brotaþola frekari líkamsmeiðingum með því að taka á ákærðu.
42. Ákærði Lúkas Geir játar að hafa sparkað í brotaþola þegar hann kom hlaupandi. Reisir hann sýknukröfu sína á sjónarmiðum um neyðarvörn. Kveður hann sig hafa beitt umræddu ofbeldi til þess að verjast yfirvofandi árás en öðru ofbeldi hafi hann ekki beitt og hafi eins og atvikum var háttað ekki verið um að ræða samverknað hans og meðákærða.
43. Með framangreindum myndskleiðum og framburði vitna í málinu þykir sannað að ákærði Lúkas Geir átti ekki upptökin að því að sýna brotaþola ofbeldisfulla hegðun. Til að mynda svaraði hann ekki fyrir sig þegar brotaþoli ýtti í hann er ákærði kom að máli við hann. Eftir að brotaþoli hafði verið borinn yfir í bifreiðina gaf hvorugur ákærðu honum gaum fyrr en hann kom hlaupandi og var Lúkas Geir þá viðbúinn og sparkaði frá sér þegar brotaþoli stoppaði ekki, eins og áður er lýst. Framburður ákærða er því trúverðugur um þennan aðdraganda og í samræmi við gögn málsins.
44. Að mati dómsins voru á þessum tímapunkti uppfyllt skilyrði neyðarvarnar. Af háttalagi brotaþola í aðdragandanum máttu ákærðu búast við því að hann myndi beita ofbeldi og því væri réttlætánlegt að verjast. Lítið ráðrúm gafst til þess að bregðast við með öðrum hætti en raun bar vitni, þ.e. með því að sparka frá sér. Á hinn bóginn héldu ákærðu samhentir áfram og veittust ákveðið og hiklaust að brotaþola með spörkum sem beindust að höfði og efri hluta líkama. Framburður ákærða Lúkasar Geirs um að hann hafi þarna hvorki séð né gert sér grein fyrir háttsemi meðákærða er fráleitur og að engu hafandi.
45. Framangreind háttsemi ákærðu var fólkskuleg og grafalvarleg enda lá brotaþoli í götunni og stafaði engin hætta af honum úr því sem komið var. Þykir mildi að ekki fór verr enda verður ekki annað séð en að ákærðu hafi sérstaklega miðað á höfuð og efri líkama brotaþola. Mátti ákærðu báðum vera ljóst að háttsemi þeirra myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir brotaþola, eins og raun bar vitni, en með henni fóru þeir langt út fyrir

mörk leyfilegrar neyðarvarnar. Verða ákærðu sakfelldir fyrir að hafa, eins og hér hefur verið lýst, ráðist á brotþola í félagi.

46. Með hliðsjón af gögnum máls, fyrirliggjandi læknisvottorði og framburði brotþola og annarra vitna er sannað að brotþoli hafi hlotið þá áverka sem í ákæru greinir af líkamsárás ákærðu. Að framangreindu virtu og þegar litið er til verknaðaraðferðar ákærðu og afleiðinga árásarinnar telst brot ákærðu rétt heimfært til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

## II. kafli ákæru

47. Ákærði Lúkas Geir hefur skýlaust játað sök samkvæmt þessum kafla ákæru. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að ákærði er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og eru brot hans rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

## III.

### Ákæra Héraðssaksóknara dagsett 14. desember 2023

#### *Málsatvik*

48. Aðfaranótt [...] 2021 kl. 1:25 leituðu nokkrir aðilar aðstoðar lögreglu vegna líkamsárásar á félag þeirra, brotþola B. Áverkar voru sýnilegir á höfði hans og blæddi úr sárinu. Í viðræðum við brotþola kom fram að á hann hefði verið ráðist í grennd við skemmtistaðinn [...] og að árásarmaðurinn hefði verið með kylfu.
49. Vitni gáfu sig fram við lögreglu og er haft eftir tveimur vitnum að árásarmaðurinn hafi verið í blárri hettupeysu og með útdraganlega kylfu. Þá komst lögregla að því síðar að vitni sem var á vettvangi hefði í sínum fótum myndskaið tekið á síma af árásarmanninum þar sem hann var staddur [...] eftir atvikið. Hélt lögregla af stað og svipaðist um eftir manni sem samsvaraði þeirri lýsingu sem gefin var, en fram kom að samferðamaður hans væri í hvíttri hettupeysu tiltekinnar tegundar. Mennt sem komu heim og saman við þessa lýsingu voru í [...] og reyndist sá sem klæddist blárri hettupeysu vera ákærði Tristan Breki Olsen. Sést upphaf afskiptanna á myndskaiði úr búkmyndavél. Þá ræddi lögregla við hann og kannaðist hann við að hafa verið í grennd við árásarvettvang. Við leit á honum fannst ekki kylfa. Tók lögregla ljósmynd af ákærða í heiðblárri hettupeysu. Þá kemur fram í frumskýrslu lögreglu að maður sem svari til lýsingar ákærða sjáist fyrir utan [skemmtistaðinn] nokkrum mínútum fyrir árásina. Myndavélunum sé síðan beint annað og því ekki víst að atvikið hafi náðst á mynd. Fyrir liggur upplýsingaskýrsla í málinu frá 22. nóvember 2021 þar sem getið er um að upptök úr nærliggjandi öryggismyndavélum séu ekki lengur fyrir hendi.

50. Þann 14. október lagði brotápoli fram kæru vegna líkamsárásarinnar. Hann kvaðst ekki muna eftir árásinni sjálfri, aðeins hvar hann hefði verið staddur fyrir árásina á spjalli við félagá sína. Þá myndi hann næst eftir þegar hann rankaði við sér. Blæddi þá úr höfði hans og honum var tjáð að á hann hefði verið ráðist. Fór hann í kjölfarið á slysadeild og var með nokkra áverka. Brotápoli kvaðst hafa fengið upplýsingar um að árásarmaðurinn hétí Tristan.
51. Í tengslum við rannsókn máls voru teknar skýrslur af vitnum sem voru á vettvangi eða í grennd við hann. Töldu nokkur þeirra sig vita deili á árásarmanninum.
52. Ákærði var boðaður til skýrslutöku 11. nóvember 2021. Kvaðst hann ekki kannast við þá árás sem um ræðir.
53. Meðal gagna málsins er læknisvottorð sérfræðings í bráðalækningum. Þar segir að brotápoli hafi leitað á slysadeild [...] 2021 eftir líkamsárás. Hafi hann verið barinn ítrekað í höfuðið með barefli og rotast skamma stund. Brotápoli hafi verið blóðugur í andliti og á höfði, bólginn og aumur og með heilahristingseinkenni. Mar hafi verið að myndast bak við vinstra eyra og við skoðun á eyra hafi sést blóðsprungin hljóðhimna. Stór skurður hafi verið ofan á höfði framarlega í hársverði, um 4 cm langur, og náð niður í höfuðkúpu. Lítill skurður hafi verið hægra megin aftan til. Í niðurlagi vottorðsins kemur fram það mat læknis að um alvarlegt höfuðhögg hafi verið að ræða sem hafi orsakað opna skurði á höfði. Ekki hafi hlotist alvarlegur heilaáverki af. Stærri skurðurinn var saumaður með níu sporum. Þá segir í vottorðinu að batahorfur séu góðar en höfuðhögg gæti valdið langvarandi einkennum svo sem höfuðverk, þreytu og einbeitingarskort.
54. Upplýsingar úr sjúkraskrá liggja fyrir í málinu en brotápoli leitaði á bráðamóttöku vegna höfuðverkja [...] 2021. Tekin var tölvusneiðmynd sem var eðlileg og talið að um eftirköst eftir heilahristing væri að ræða.
55. Matsgerðar J læknis var aflað af hálfu brotáþola með beiðni 24. ágúst 2023. Þar kemur m.a. fram að höfuðverkir brotáþola hafi haldið áfram og hann leitað ítrekað til læknis vegna þess. Hafi hann m.a. verið sendur í segulómunarrannsókn sem ekki hafi leitt neitt óeðlilegt í ljós. Um núverandi líðan er haft eftir brotáþola að hann finni fyrir staðbundnum höfuðverkjum við álag auk þess sem tiltekin einkenni hafi komið fram við vissar aðstæður.

### Skýrslutökur fyrir dómi

56. *Ákærði Tristan Breki Olsen* kannaðist við að hafa verið í miðbænum og að lögreglan hefði tekið hann tali. Kvaðst hann ekki muna í dag ástæðu þess eða um hvað var rætt en lögreglan hefði tekið mynd af honum. Ákærði bar kennsl á sjálfan sig á myndskaiði sem spilað var í dómsal og vitni í málinu hafði tekið eftir árásina. Hann kvaðst ekki vilja tjá sig um það með hverjum hann hefði verið þetta kvöld. Ákærði fullyrti að hann hefði aldrei átt eða borið vopn og þaðan af síður myndi hann beita vopni gagnvart öðrum einstaklingi. Taldi hann sig sennilega muna það hefði hann lent í átökum eins og þeim sem um ræðir. Ákærði kvaðst hafa verið í röngum félagsskap á þessum tíma, sér hefði liðið eitthvað illa og hann tekið mikið af hvers lags fíkniefnum. Taldi hann ekki ólíklegt að hann hefði verið í neyslu þetta kvöld. Spurður um persónulega hagi sína kvaðst hann hafa reynt að standa sig betur, hann hefði til að mynda verið edrú í rúm tvö ár og haldið sig frá fyrri félagsskap.
57. *Brotapoli B* kvaðst lítið muna eftir atvikum en hann hefði verið með félögum sínum, K og L. Umrætt sinn hefði hann verið fyrir utan veitingastað að spjalla við stráka. Kvaðst hann ekki muna til þess að með þeim hefði orðið ósætti. Hann myndi næst eftir sér sitjandi á jörðinni við [...] og blæddi úr höfði hans. Hefði hann fengið upplýsingar frá öðrum um líkamsárásina. Hann kvaðst ekki þekkja árásarmanninn. Brotapoli kvað þáverandi kærustu sína hafa hlúð að sér ásamt fleirum. Þau hefðu rætt við lögreglu sem var í öðru verkefni og síðan ekið á slysadeildina þar sem gert var að sárum hans. Lýsti brotapolí áverkum sínum og þeim einkennum sem hann glímir við í dag vegna höfuðverkja og tengir árásinni.
58. *K* kvaðst hafa verið fyrir utan skemmtistaðinn [...] með vitninu L. Brotapoli hefði komið út og talað við einhverja stráka sem vitnið þekkti ekki. Hefði sér fundist eins og þeir hefðu farið eitthvað að rífast en veitt því þó litla athygli. Aðspurður kvaðst vitnið hafa staðið um 4–5 metra frá þeim. Fleiri strákar hefðu komið inn í þann hóp og allt í einu hefði einhver þeirra tekið upp „útdraganlega“ lögreglukylfu, slegið hana út og lamið brotapola ítrekað í höfuðið. Hefði fyrsta eða annað höggið hæft brotapola vel og hann hefði borið hendur fyrir höfuð sér og reynt að komast undan en árásarmaðurinn hefði haldið áfram. Brotapoli hefði skýlt sér og svo hlaupið burt. Sagði vitnið aðspurður sig minna að árásarmaðurinn hefði verið aðeins lægri en hinir og klæddur í dökk föt. Kvaðst hann ekki muna í dag það sem haft var eftir honum í lögregluskýrslu um að árásarmaðurinn hefði verið klæddur í bláa yfirhöfn. Vitnið kvaðst ekki hafa séð árásarmanninn fyrr og fengið upplýsingar um nafn hans síðar. Hann kvaðst ekki hafa séð myndskaið af meintum árásarmanni.

59. *L* kvaðst hafa verið með félaganum K og brotapolanum að skemmta sér í miðbænum. Þeir hefðu staðið fyrir utan [...]. Brotapoli hefði verið að tala við einhverja og hefði vitnið staðið hjá K, nokkra metra frá brotapolanum. Þar sem brotapoli stóð hefði strákur dregið upp lögreglukylfu og lamið hann í höfuðið oftar en einu sinni. Hefði hann bara „dúkkað“ upp. Aðspurður kvaðst vitnið ekki vita hvort brotapoli hefði verið að rífast við einhvern í aðdragandanum. Þeir félagar hefðu hlaupið burt og brotapoli í aðra átt. Nokkru síðar hefði vitnið M hringt í vitnið og sagt þeim að koma að [...]. Þar hefði brotapoli verið og fossblæddi úr höfði hans. Fyrrverandi kærasta brotapolanum hefði síðan komið, þau hefðu rætt við lögreglu og síðan farið á slysadeild. Vitnið kvað sér kunnugt um að vitnið M og fyrrverandi kærasta brotapolanum hefðu haft í fórum sínum myndskaið af meintum áráðarmanni en vitnið hefði ekki séð það. Hann kvaðst ekki geta lýst útliti hans og ekki muna eftir því í dag hvort hann hefði verið klæddur blárri hettupeysu, eins og haft væri eftir honum í frumskýrslu.

60. *M* kvaðst hafa verið stödd fyrir utan skemmtistaðinn [...], ásamt brotapolanum og tveimur öðrum. Tveir strákar hefðu komið gangandi. Annar þeirra, áráðarmaðurinn, hefði sagt eitthvað og brotapoli hlegið við og gengið burt. Áráðarmaðurinn hefði þá farið á eftir honum og tekið upp lögreglukylfu og lamið brotapolanum tvisvar eða þrisvar í höfuðið og síðan hlaupið burt, að því er hana minnti upp [...]. Brotapoli hefði líka hlaupið burt og vitnið farið á eftir honum. Mikið hefði blætt úr brotapolanum. Vitnið kvað þau hafa rætt við lögreglu sem ekki var langt undan en þeir hefðu verið uppteknir í öðru. Áráðarmaðurinn hefði þá ekki verið í auglýn. Hefði verið ákveðið að fara á slysadeildina en á leiðinni hefðu þau séð þessa sömu strák. Áráðarmaðurinn hefði verið í renndri blárri hettupeysu og dökkhærður. Kvaðst vitnið hafa tekið upp myndskaið til að eiga. Aðspurð kvaðst hún sannfærð um að þar hefði verið kominn áráðarmaðurinn. Eftir að vitnið hafði ekið brotapolanum á slysadeild kvaðst hún hafa hitt sömu lögreglumennina á [...]. Hefði hún sagt þeim frá myndskaiðinu og verið beðin að senda lögreglu það.

61. *Lögreglumaður nr. [3]* staðfesti frumskýrslu sína og gerði grein fyrir aðkomu sinni að málinu og fyrstu aðgerðum að svo miklu leyti sem vitnið mundi. Kvaðst hann hafa verið í öðrum aðgerðum skammt frá vettvangi en sinnt þessu verkefni í kjölfarið og rætt þá m.a. við brotapolanum. Þá gerði vitnið grein fyrir því hvernig lögreglan hefði fylgt eftir ábendingum um meintan geranda sem átti að vera klæddur í bláa hettupeysu. Meintur áráðarmaður, þ.e. ákærði, hefði strax sést í [...] og hefði vitnið haft afskipti af honum. Ekki hefði fundist á honum vopn og hefði ekki komið til handtöku. Kvaðst vitnið ekki muna annað en að ákærði hefði verið samvinnuþýður. Ákærði hefði kannast við að hafa verið í grennd við áráðarvettvang en neitað því að hafa ráðist á brotapolanum og verið látinn laus í kjölfarið. Spurður um upplýsingar um upptökur sem fram koma í frumskýrslu kvað

vitnið öryggismyndavél á „[skemmtistaðar]horninu“ hafa tiltekið sjónarhorn. Hann myndi það ekki í dag hvort efnið hefði verið skoðað, þó það væri ekki ólíklegt væri litið til orðalags. Framhaldið hefði síðan verið lagt í hendur rannsakara.

62. *Lögreglumaður nr. [2]* gerði grein fyrir aðkomu sinni að rannsókn málsins. Hefði klæðnaður meints árársarmanns verið sérkenni sem leitað var eftir en vitni í málinu hafði tekið myndskleið á símann sinn af honum. Ákærði hefði ekki verið handtekinn þegar lögregla hafði afskipti af honum í framhaldinu en verið myndaður. Hefði hann verið í mjög áberandi blárrí peysu.

63. *Læknir nr. [2]* staðfesti læknisvottorð sem fyrir liggur í málinu. Brotapoli hefði greint frá líkamsárás og m.a. verið með stóran skurð á höfði framanverðu sem þurfti að sauma. Áverkar hans hefðu verið þess eðlis að þeir samræmdust ítrekuðum höggum. Brotapoli hefði einnig verið greindur með heilahristing en ekki alvarlega heilaáverka, tölvusneiðmynd af höfði hefði ekki leitt blæðingu í ljós. Aðspurð kvað vitnið eðlilegt að brotapolí hefði glímt við ákveðin einkenni eftir árásina, svo sem höfuðverki, en slíkt gæti varað í lengri eða skemmri tíma. Hefði hann komið aftur þremur dögum síðar vegna höfuðverkja.

64. *Læknir nr. [3]* kvaðst hafa unnið matsgerð að beiðni brotapola og metið afleiðingar líkamsárásarinnar til 7% örorku. Gerði hann stuttlega grein fyrir helstu niðurstöðum matsgerðar sinnar, m.a. varðandi höfuðverki sem brotapolí hefði glímt við og tengdir væru beint við árásina. Þeir verkir væru annars eðlis en þeir sem brotapolí hefði fengið af og til vegna mígrenis sem hann hefði verið greindur með. Gögn málsins hefðu borið með sér að ákærði hefði glímt við heilahristingseinkenni, sem gætu verið höfuðverkir en einnig minnisskerðing og einbeitingareinkenni. Stafaði það af því þegar heilinn skylli til í höfuðkúpunni og væri einstaklingsbundið hvort þau einkenni væru varanleg.

### **Niðurstaða**

65. Ákærða Tristani Breka er gefin að sök sérlega hættuleg líkamsárás með því að hafa ráðist að brotapola og slegið hann ítrekað í höfuðið með kylfu, eins og nánar er gerð grein fyrir í ákæru.

66. Ákærði neitar sök en kannast við að hafa verið í miðbænum umrædda nótt. Bar hann fyrir sig minnisleysi og rakti ástæðuna m.a. til þess að hann hefði verið í neyslu á þessum tíma. Taldi hann þó ósennilegt að hann hefði ráðist á brotapola með þessum hætti. Brotapolí man hvorki eftir árásinni né aðdraganda hennar.

67. Vitnin K og L gáfu sig fram við lögreglu á vettvangi og haft er eftir þeim að árásarmaðurinn hafi verið klæddur í bláa hettupeysu og beitt útdraganlegri kylfu. Vitnið M var einnig á vettvangi og ræddi lögregla við hana síðar um kvöldið. Kom þá í ljós að hún hafði undir höndum upptöku sem hún kvað sýna árásarmanntinn skömmu eftir atvikið. Ekki er annað að sjá af frumskýrslu en að um óformleg samtöl við vitnin hafi verið að ræða.
68. Á umræddu myndskreiði sést hópur pilta spjalla saman. Aðeins einn þeirra er klæddur heiðblárri hettupeysu og er hann með hettuna uppi. Andlit ákærða sést um tíma á myndskreiðinu og fer þá ekki milli mála að um ákærða er að ræða, eins og hann hefur sjálfur staðfest. Hljóð er á upptökunni og ljóst er að tilgangurinn með henni var að ná mynd af andliti ákærða.
69. Framangreind vitni voru öll sjónarvottar að árásinni umrætt sinn. Þau báru á sama veg um að einn tiltekinn aðili hefði skyndilega ráðist að brotaþola með því að slá hann ítrekað og ákveðið með lögreglukylfu eða barefli einhvers konar án sjáanlegs tilefnis. Vitnið M bar ákveðið að árásarmaðurinn, maður í blárri hettupeysu, hefði verið maðurinn í myndskreiðinu sem hún sendi lögreglu. Kvað hún um sama hóp hafa verið að ræða og hún hefði séð fyrir um kvöldið. Vitnin K og L mundu ekki eftir klæðaburði árásarmanntins en K taldi hann hafa verið dökkklæddan og lægri en þá sem voru með honum. Þegar borið var undir hann það sem haft er eftir honum í skýrslu lögreglu um að árásarmaðurinn hafi verið í blárri yfirhöfn kvaðst hann ekki geta sagt til um það í dag hvort svo hefði verið.
70. Framburður vitnanna er að mati dómsins trúverðugur en þau gættu þess að lýsa ekki öðru en þau myndu eftir í dag. Þó að vitnin þekktist eða tengist er ekkert fram komið sem þykir draga úr sönnunargildi framburðar þeirra, hvorki fyrir dómi né á rannsóknarstigi. Framburður vitnisins M hefur að mati dómsins ríkt sönnunargildi en hann hefur verið stöðugur í meginatriðum og greinargóður hér fyrir dómi. Litið er til þess að hún lýsti árásarmanntinum í samtali við lögreglu og sendi lögreglu myndskreið af aðila sem hún þekkti aftur sem árásarmanntinn. Leiddi það til þeirra afskipta af ákærða sem áður er gerð grein fyrir. Framburður M fær stoð af vitnisburði K hjá lögreglu 11. nóvember 2021, þar sem haft er eftir honum að árásarmaðurinn hafi verið í blárri úlpu eða blárri yfirhöfn en það samræmist þeim upplýsingum sem hann gaf fyrst á vettvangi. Þá er jafnframt til þess að líta að ekki virðist hafa liðið langur tími frá árásinni og þar til lögregla hafði afskipti af ákærða en árásin átti sér stað um kl. 1:30. Samkvæmt sjúkraskrá var brotaþoli á slysadeild kl. 2:30, þá orðinn óþolinmóður á biðinni. Vitnið M ók brotaþola á slysadeild áður en hún hitti lögreglu sem í kjölfarið hafði uppi á ákærða.

Þegar allt framangreint er virt heildstætt er það mat dómsins, gegn neitun ákærða, að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi verið árásarmaðurinn umrætt sinn. Þá er sannað með framburði brotþola og vitna og læknisfræðilegum gögnum að brotþoli hafi hlotið áverka á höfði sem geta samræmst því að kylfu hafi verið beitt ítrekað með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Þegar litið er til þess tækis sem beitt var, verknaðaraðferðar við árásina og afleiðinga telst árás ákærða hafa verið sérlega hættuleg og er háttsemi hans rétt heimfærð undir 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

#### IV

#### **Refsiákvörðun**

*Ákærði Lúkas Geir Ingvarsson*

71. Ákærði Lúkas Geir Ingvarsson hefur verið sakfelldur fyrir sérlega hættulega líkamsárás í félagi við meðákærða og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Hann hefur ekki áður verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi. Ákærði var aðeins [...] ára þegar brotin áttu sér stað. Til þessara atriða er litið við ákvörðun refsingar.
72. Til refsipýngingar horfir að háttsemi ákærða var háskaleg og grafalvarleg og verknaðurinn framinn í félagi við meðákærða. Þó að dómurinn líti að nokkru til atvika í aðdraganda árásarinnar er sú háttsemi að ráðast á brotþola sem gat engum vörnum komið við sérlega fólkskuleg og hafði í för með sér afleiðingar sem brotþoli glímir enn við í dag. Af þeim ástæðum sem raktar hafa verið kemur hvorki 2. mgr. 12. gr. né 1. eða 4. töluliður 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga til greina við ákvörðun refsingar.
73. Atvik málsins áttu sér stað [...] 2021. Ekki verður annað séð en að rannsókn lögreglu hafi lokið í september 2022 og var málið sent héraðssaksóknara 12. október 2022. Ákæra í málinu var gefin út 30. mars 2023. Hefur málið dregist hér fyrir dómi af ástæðum sem ákærða verður ekki um kennt.
74. Með hliðsjón af öllu framangreindu og með vísan til 1., 3., 4., 5. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr., 2. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfileg refsing ákærða vera sex mánaða fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
75. Ákærði skal með vísan til lagaákvæða sem tilgreind eru í ákæru sæta upptöku á 1,21 g af maríjúana sem lögregla lagði hald á í tengslum við málið.

*Ákærði Tristan Breki Olsen*

76. Ákærði Tristan Breki hefur verið sakfelldur fyrir sérlega hættulega líkamsárás í félagi við meðákærða og brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Samkvæmt sakavottorði hlaut hann dóm [...] 2023 fyrir brot gegn 1. mgr. 199. gr. almennra hegningarlaga. Brot hans nú eru framin fyrir uppkvaðningu þess dóms og verður honum því dæmdur hegningarauki samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga sem svarar þeirri þyngingu hegningarinnar sem kynni að hafa orðið ef dæmt hefði verið um öll brotin í fyrra málinu. Litið er til þess að ákærði var aðeins [...] ára þegar brotin voru framin.
77. Til refsíþyngingar horfir að háttsemi ákærða var háskaleg og grafalvarleg og verknáðurinn framinn í félagi við meðákærða. Ákærði gekk, eins og meðákærði, hart fram en sú háttsemi að traðka á höfði liggjandi manns er sérlega háskaleg og hrottaleg.
78. Með hliðsjón af framangreindu, drætti málsins að nokkru og með vísan til 1., 3., 4., 5. og 6. tl. 1. mgr. 70. gr., 2. mgr. 70. gr. og 77. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfileg refsing ákærða vera 14 mánaða fangelsi en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

**Sérskilyrði 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga**

79. Ákærðu voru báðir ungir þegar brot þau voru framin sem þeir eru sakfelldir fyrir. Þeir hafa hvorugir verið sakfelldir fyrir ofbeldisbrot áður. Þó svo að nokkuð langt sé liðið frá atvikum og ákærðu kveði aðstæður sínar aðrar í dag er full ástæða til þess að leita leiða til að sporna gegn ofbeldisfullri hegðun sem þessari þar sem skeytingarleysi gagnvart brotapolum og afleiðingum ofbeldis er algjört. Verður þeim því gert að sæta sérstöku eftirliti og umsjón, sbr. 1. tölulið 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga skal Fangelsismálastofnun hafa á hendi umsjón með ákærða eða fela hana öðrum aðila undir sínu eftirliti.

**Einkaréttarkröfur**

*Vegna ákæru 30. mars 2023*

80. Brotapoli A beinir einkaréttarkröfu sinni að ákærðu báðum. Bera þeir óskipt bótaábyrgð vegna háttsemi sinnar sem var til þess fallin að valda brotápola miska. Á brotapoli rétt á miskabótum úr hendi þeirra á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Eins og atvikum var háttað eru ekki efni til þess að virða þátt brotápola í upphafi atburðarásarinnar honum til eigin sakar við ákvörðun miskabóta. Við mat á fjárhæð miskabóta er litið til afleiðinga fyrir brotápola sem fá ótvíræða stoð í gögnum málsins. Meðal afleiðinga árásarinnar fyrir brotápola var andlitsbeinabrot ásamt mari í vinstra

gagnaugaheilableðli með mildri blæðingu. Ljóst er að blæðing í heila getur valdið skaða sem í sumum tilvikum er óafturkræfur. Samkvæmt framburði læknis og sálfræðings í málinu geta verið orsakatengsl á milli áverkans og þess skaða sem brotaþoli hlaut, þ.m.t. sjónskerðingar á vinstra auga þó ekki sé ljóst hvort um varanlega skerðingu er að ræða. Með hliðsjón af framangreindu þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 2.000.000 króna. Fallist er á kröfu brotaþola um útlagðan kostnað að fjárhæð 145.869 krónur sem studd er gögnum. Fallist er á kröfu um fatatjón og er fjárhæð ákveðin að álitum 10.000 krónur. Þá ber krafan vexti eins og nánar greinir í dómsorði. Alls skulu ákærðu greiða brotaþola óskipt 2.155.869 krónur. Krafan ber vexti eins og í dómsorði greinir. Eru dráttarvextir á lagðir mánuði eftir birtingu bótakröfunnar en miðað er við þingfestingu þess máls 12. júní 2023.

*Vegna ákæru 14. desember 2023*

81. Ákærði Tristan Breki er bótaskyldur vegna háttsemi sinnar. Brotaþoli B á rétt á miskabótum úr hendi hans á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun bóta er litið til afleiðinga verknaðarins fyrir brotaþola sem fá ótvíræða stoð í gögnum málsins. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 800.000 krónur. Auk þess greiði ákærði málskostnað vegna meðferðar kröfunnar sem hæfilegur þykir 450.000 krónur. Þó að matsbeiðni hafi verið lögð fram í málinu til stuðnings miskabótakröfu brotaþola telst ekki til málskostnaðar vinna við matsbeiðni, matsfundur og fleira henni tengt enda er í máli þessu ekki krafist bóta vegna varanlegs miska, eins og fram kemur í einkaréttarkröfu brotaþola. Krafan ber vexti eins og nánar greinir í dómsorði og reiknast dráttarvextir frá þingfestingu þess máls 26. janúar 2023.

### **Sakarkostnaður**

82. Með vísan til úrslita máls og 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 skal Lúkas Geir greiða 1.612.000 króna málsvarnarlaun verjanda síns, Bjarna Hólmars Einarssonar lögmans, og er litið til tímaskýrslu verjandans.
83. Ákærði Tristan Breki greiði 1.031.680 króna málsvarnarlaun verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmans.
84. Ákærðu greiði óskipt 163.696 krónur í annan sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti í tengslum við ákæru frá 30. mars 2023. Þá greiði þeir óskipt þóknun réttargæslumanns brotaþola A, Hildar Guðrúnar Þorleifsdóttir lögmans, sem þykir hæfilega ákveðin 333.400 krónur og 386.880 króna þóknun réttargæslumanns brotaþola á fyrri stigum máls, Hauks Freys Axelssonar lögmans.

85. Við ákvörðun þóknana er tekið mið af eðli og umfangi málanna. Þá er tekið tillit til virðisaukaskatts.
86. Ákærði Tristan Breki greiði annan sakarkostnað, 45.648 krónur, samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti í tengslum við ákæru frá 14. desember 2023.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Dagmar Ösp Vésteinsdóttir settur saksóknari.

Sigríður Hjaltsted héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **D Ó M S O R Ð:**

Ákærði, Lúkas Geir Ingvarsson, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Frestun á fullnustu refsingarinnar er jafnframt bundin því skilyrði að ákærði sæti á skilorðstímanum sérstöku eftirliti og umsjón, sbr. 1. tölulið 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Lúkas Geir sæti upptöku á 1,21 g af maríjúana.

Ákærði, Tristan Breki Olsen, sæti fangelsi í 14 mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga. Frestun á fullnustu refsingarinnar er jafnframt bundin því skilyrði að ákærði sæti á skilorðstímanum sérstöku eftirliti og umsjón, sbr. 1. tölulið 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu Lúkas Geir og Tristan Breki greiði brotþola A óskipt 2.155.869 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...] 2021 til 12. júní 2023 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags.

Ákærði Tristan Breki greiði brotþola B 800.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá [...] 2021 til 26. janúar 2023 en með dráttarvöxtum frá þeim degi samkvæmt 1. mgr. 6. gr. til greiðsludags og 450.000 krónur í málskostnað.

Ákærði Lúkas Geir greiði 1.612.000 króna málsvarnarlaun verjanda síns, Bjarna Hólmars Einarssonar lögmanns.

Ákærði Tristan Breki greiði 1.031.680 króna málsvarnarlaun verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, og 45.648 krónur í annan sakarkostnað.

Ákærðu Lúkas Geir og Tristan Breki greiði óskipt 163.696 krónur í annan sakarkostnað, þóknun réttargæslumanns brotþola A, Hildar Guðrúnar Þorleifsdóttir lögmanns, 333.400 krónur, og 386.880 króna þóknun Hauks Freys Axelssonar lögmanns.

Sigríður Hjaltested